

Miklagarður og Ísland.

I.

Þorsteinn Erlingsson spurði mig eitthvert sinn — það hefir líklega verið 1911 eða 1912 — hvort ég skildi orðtækið „nú fer að stytast dasshalinn okkar“. Ekki gerði ég það þá, en þegar ég fór að rifja aftur upp fyrir mér grísku, sem ég byrjaði á 1912, varð þetta auðskilið mál. Gríska orðið *das* þýðir blys og einnig kerti, og höfundur orðtaksins er einhver Íslendingur, sem verið hefir átt í Miklagarði og tekið þar þátt í hátíðagöngu (processiu, á grísku *þeória*) þar sem menn höfðu kerti í höndum, og mátti segja að dasshalinn styttist, þegar eyddist kertið. Er þarna einn votturinn um samband Íslendinga við Grikki miðaldanna. Annað merki sambandsins mætti nærri því láta sér koma til hugar að væri orðið grikkur; — Grikkir miðaldanna höfðu orð á sér fyrir að vera slægir og hrekkjóttir. Sigurður grikkur er nefndur í Sturlungu, garpur mikill en miður góðgjarn og virðist ekki hafa verið ósvipaður Hrappi þeim, sem segir af í Njálu. Hafði Sigurður kenningarnafn sitt af því að hann hafði verið í liði Væringja í Miklagarði. Seinna var sunnan til um Evrópu nefndur Grikkur maður, sem gerði sér að atvinnu að hafa rangt við í spilum. Þannig var ferð um land

Grikkja þá, og hefir á því orðið mikil breyting til batnaðar, en verður þó vonandi enn betur síðar. Mér hefir komið til hugar, hvort sum ævintýrin, sem menn lengi hafa skemt sér við hér á landi, og enn má lesa í bók þeirri, sem á æskuárum minum hét Þjóðsögurnar, muni ekki vera frá Miklagarði komin. sbr. nafnið Hlinizk (Hellenizos?) og ýmsar lýsingar með byzantiskum blæi, en ekki ætla ég að fara að rita nánar um það; er nú orðið mjög langt síðan ég hefi lesið æfintýri þessi.

II.

Dr. Sigfús Blöndal hefir ekki orðið dasshali í hinna mikla orðabók sinni; en í hinum fröðlegu fyrirlestrum, sem hann flutti hér í Reykjavík, gat hann þess að skipsheitið karfi komið frá Miklagarði, búið á gríska orðinu *karabion*. Um það virðist mér þó ástæða til að svara hinum mikla lærdómsmátt ósamdóma; virðist þetta sennilegra að karfi sé senn orð og þýði skip, sem er með útskurði. sbr. þetta orðið *carve*, sem þýðir að skera út. Einnig mætti nefna í sambandi fiskheitið; er þetta skrautlegur fiskur, sem á lit eins og kunnugt er senn í gerð hans, sem gat komið mönnum til að hugsa um þetta orð; virðist ekki ólíklegt að skipheitið sé eldra og hafi þarinn verið heitinn eftir þessum rauðmálaða og skurðum skraut- og skemtiskipi

I. mars.

Ísl. 4 mars 1936